



Alþingi
Erindi nr. P 127/1121
dagur 11. 3. 2002

Akureyri 11. mars 2002.

Nefndasvið Alþingis

Á fundi stjórnar Hafnasamlags Norðurlands þann 11. mars 2002 var eftirfarandi fært til bókar:

3. Frumvarp til nýrra hafnarlaga.

Samgönguráðherra hefur lagt fram á Alþingi frumvarp til nýrra hafnalaga. Það byggir á álitni nefndar sem skipuð var í desember 1999. Hörður Blöndal hafnastjóri, sem var einn nefndarmanna, greindi frá þeirri vinnu sem hann tók þátt í ásamt mörgum öðrum við undirbúning frumvarpsins.

Borist hefur bréf frá samgöngunefnd Alþingis, dags. 19. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar um frumvarpið.

Stjórn HN fagnar fram komnu frumvarpi en vill koma eftirfarandi á framfæri:

1. Að tryggt sé að öll hafnastarfsemi verði virðisaukaskattskyld.
2. Að kannaður verði sá möguleiki varðandi hafnareksturinn, að sömu skattareglur geti gilt þó svo um mismunandi rekstrarform væri að ræða.
3. Að í lögunum verði tekið á óreiðuskipum þannig, að tryggt sé, að hafnir þurfi ekki að sitja uppi með slík skip. Að mati stjórnar HN eru úrræðin í frumvarpinu ekki næg til að losna við skip, t.d. rússneska togarann Omnya úr höfninni á Akureyri, en þar hefur togarinn legið í hirðuleysi vel á fimmta ár. Í þessu sambandi er tekið undir og vísað til athugasemda Hafnasambands sveitafélaga við 22.gr. frumvarpsins.

Á undanförunum árum hefur sú þróun átt sér stað, að flutningar um hafnir landsins hafa minnkað, mest vegna aukinna landflutninga en líka vegna þeirrar ákvörðunar skipafélaganna, að notast einungis við tvær hafnir fyrir flutninga til og frá landinu. Núverandi lagarammi sem hafnir starfa innan hefur ekki veitt höfnum nauðsynlegt svigrúm til að bregðast við þessari þróun.

Í núverandi kerfi er annarsvegjar hvatt til áframhaldandi uppbyggingar og fjárfestinga í höfnum en hinsvegjar eru tekjumöguleikar hafna takmarkaðir með samræmdri gjaldskrá. Horft hefur verið framhjá rekstrarafkomu hafna. Fyrir flestar hafnir gildir, að óbreytt fjárfestingastefna skilar ekki auknum tekjum, rekstrarvandinn er vaxandi og að auki verður ekki lengur búið við samræmda gjaldskrá. Í frumvarpi til nýrra hafnalaga er verið að taka á þessum vandamálum m.a. með því að gefa höfnum meira rekstrarlegt frelsi og hvetja til hagræðingar og betri nýtingar fjárfestinga.

Þetta tilkynnist hér með

f.h. Hafnasamlags Norðurlands bs.

